

Framhaldsaðalfundur

Haldinn í húsnæði Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, 2. Desember 2015 kl.20:00

Fundinn sátu: Sóley Valdimarsdóttir, Þórhallur Pálsson, Guðrún Schmidt, Skarphéðinn Þórisson og Philip Vogler.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir

Athugasemdir: Erla Dóra Vogler, formaður samtakanna, komst ekki á fundinn vegna veðurs. Hún var stödd á Teigarhorni og tók þátt í fundinum gegnum fjarskiptabúnað ásamt Sævari Þór Halldórssyni og Skúla Benediktssyni.

Dagskrá fundar:

1. Fundarsetning
2. Tillaga að lagabreytingu
3. Fjárhagsstaða samtakanna
4. Aðalfundargerð síðasta aðalfundar lögð fram
5. Önnur mál

1. Fundarsetning

Lagt er til að Þórhallur taki að sér fundarstjórn á fundinum. Aðalfundur samþykkir.

Fundarstjóri úrskurðar fundinn löglegann án mótmæla.

2. Tillaga að lagabreytingu

Lagðar voru fram breytingar á lögum félagsins.

Niðurstaða fundar: Lagabreytingar voru samþykktar samhljóða að undangengnum umræðum um hverja og eina.

3. Fjárhagsstaða samtakanna

Starfsemi félagsins hefur verið með minnsta móti undanfarin ár og taldi fráfarandi stjórn ekki mögulegt að skila ársreikningi. Eftirfarandi bókun var því samþykkt á fyrsta stjórnarfundum núverandi stjórnar NAUST: „...ákveðið að byrja frá grunni og kynna á framhaldsaðalfundi fjárhagsstöðu félagsins eins og hún er núna, en horfa til betri vegar í sambandi við skil ársreikninga í framtíðinni.”

Samkvæmt bókun þessar gerir gjaldkeri félagsins, Þórhallur Pálsson, grein fyrir stöðu reikninga.

Tveir bankareikningar eru skráðir á kennitölu samtakanna í Landsbanka Íslands. Annarsvegar kjörbók (innistæða: 774.963 kr.) og hinsvegar veltureikningur (innistæða: 90.542 kr.). Greiddi gjaldkeri samstundis tvo útstandandi reikninga. Annan frá Héraðsprenti (vanskilareikningur, líklega vegna auglýsingakostnaðar frá fyrri stjórn). Hinn var frá ISNIC og var vegna léns fyrir heimasíðu. Gjaldkera er ekki kunnugt um aðra ógreidda reikninga.

Hrein eign NAUST á aðalfundi þessum telst því vera 865.505 kr.

Niðurstaða fundar: Aðalfundur samþykkir reikninga félagsins og lýsir yfir ánægju með stöðu þess.

4. Aðalfundargerð síðasta aðalfundar lögð fram

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 1. desember 2013 (að frátöldum fyrri hluta aðalfundar fyrir sex vikum síðan). Fundarstjóri las upp alla fundargerðina.

Niðurstaða fundar: Aðalfundargerð samtakanna frá árinu 2013 samþykkt án athugasemda.

5. Önnur mál

- a) Sigbjörn Kjartansson sendi félaginu skilaboð í gegnum fésbókarsíðu NAUST. Voru þau svo hljóðandi:

„Góðan daginn NAUST. Ég hef ekki fundið heimasíðu eða heimilisfang samtakanna, þannig að ég sendi hér erindi. Vakin er athygli á áformum um virkjun Svartár í Bárðardal sem valda mun miklum umhverfisspjöllum í jaðri hálendisins, en Svartá fellur í Skjálfandafljót skammt norðan við Aldeyjarfoss. Virkjunaráformin eru að frumkvæði einkafyrirtækis en sveitarfélagið virðist ætla að gera þau að sínum. Þess er óskað að NAUST veki athygli á málinu og fjalli um það.“

Undir bréfið skrifa Jón Aðalsteinn Þorgeirsson, tónlistarmaður, Sigbjörn Kjartansson arkitekt og Baldur Sigurðsson háskólakennari.

Erindið hefur verið sent á öll náttúruverndarsamtök og einhverja fjölmiðla.

Niðurstaða fundar: Fundurinn tekur undir orð Sigbjörns og hvetur félagsmenn til að kynna sér málið ítarlega. Erindinu er að öðru leiti vísað til stjórnar.

- b) Spurning barst frá fundarmanni: „Hver er staðan á virkjun í Bjarnarflagi?“

Í kjölfarið var rætt um hvert hlutverk samtakanna væri varðandi verkefni utan félagsvæði þess. Félagsmönnum var bent á tækifæri þeirra til að bera ályktanir undir aðalfund, sem og að koma ábendingum til stjórnar sem gæti kallað til opins félagsfundar.

- c) Formaður ávarpar fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Búið er að koma facebooksíðu samtakanna í gagnið. Verið að vinna í að auglýsa hana og gera virka.

Heimasíða félagsins, www.nattaust.is, er orðin virk að nýju. Stefnt er að því að birta fundargerðir stjórnar á heimasíðu jafn óðum.

Unnið verður að því að efla samstarf við Landvernd og önnur náttúruverndarsamtök í landinu.

Formaður fór einnig yfir málefni frá fyrsta stjórnarfundum sem haldinn var 7. nóvember síðastliðinn. Kom meðal annars á framfæri bókun frá fundinum sem fól í sér þakkir til Ferðafélags Fljótsdalshéraðs fyrir lán á húsnæði til funda.

Niðurstaka fundar: Aðalfundur samþykkir þessa bókun.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:34